

3. fundur stjórnar AP, starfsárið 2014-2015

haldinn að Garðarsbraut 5 á Húsavík þriðjudaginn 27. janúar 2015 kl. 15:00

Mætt: Aðalsteinn Árni Baldursson, Arnar Guðmundsson, Haraldur Bóasson, Sif Jóhannesdóttir og Yngvi Ragnar Kristjánsson. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð.

1. Rekstraráætlun 2015 – afgreiðsla sveitarfélaganna

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir því að Norðurþing, eitt sveitarféлага, hefði ekki fallist á verðlagsforsendur rekstraráætlunar félagsins sem voru þær sömu og gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2015. Þetta hefur í för með sér tekjulækkun um tæpar 127 þús. kr. og þar af er hlutur Norðurþings tæpar 75 þús. kr.

Stjórn staðfestir ofangreinda breytingu á rekstraráætlun.

2. Bókun Héraðsnefndar Pingeyinga (HNÞ) v/ samstarfs sveitarfélaganna á starfssvæði félagsins

Lögð fram bókun HNÞ frá 20. nóv. sl. þar sem fjallað er um að skoðaðir verði kostir þess og gallar að sameina undir einum hatti ýmis sameiginleg verkefni í héraði til að auka yfirsýn og ná fram rekstrarhagræði án þess að dregið verði úr faglegu starfi á hverju sviði. Á fundinum var skipaður starfshópur til að vinna fyrstu tillögur að formi á slíku fyrirkomulagi. Jafnframt óskar HNÞ eftir aðkomu félagsins og Menningarmiðstöðvar Pingeyinga að starfshópnum.

Stjórn samþykkir að fela framkvæmdastjóra að taka þátt í starfi starfshópsins f.h. félagsins.

3. Erindi Hvannalinda ehf. – ósk um hlutafjárkaup

Fyrir liggur ósk frá Hvannalindum ehf. um að AP kaupi hlutafé í félaginu en þeir eru seldir á genginu 5. Erindinu fylgir viðskiptaáætlun unnin af ENOR ehf., ársreikningar félagsins fyrir 2013 og minniblað endurskoðanda þess um hlutafjárútbóðið, unnið í júní 2013.

Stjórnin telur að um áhugaverða nýsköpunarstarfsemi sé að ræða og tekur vel í að kaupa hlutafé í félaginu. Áður en ákvörðun er tekin er þó óskað eftir að ársreikningur 2014 liggi fyrir þannig að m.a. sé hægt að leggja betra mat á það hvort rekstraráætlanir félagsins séu líklegar til að ganga eftir.

4. Framkvæmd vaxtarsamnings fyrir starfssvæði félagsins

Formaður og framkvæmdastjóri gerði grein fyrir breyttri umgjörð vegna þeirra fjármuna sem veitt hefur verið til vaxtarsamninga. Ríkisvaldið hefur tekið þá ákvörðun að þeir fjármunir sem fylgt hafa vaxtarsamningum, menningarsamningum og sóknaráætlunum landshluta verði allir felldir í einn samning sem það gerir við landshlutasamtök sveitarféлага - í okkar tilfalli Eyþing. Fyrirhugaður samningur mun verða til fimm ára, þ.e. út árið 2019. Fyrir liggur að Eyþing er reiðubúið til að gera samninga við atvinnuþróunarfélögin tvö um framkvæmd vaxtarsamnings á sitt hvoru starfssvæðinu. Jafnframt liggur fyrir að þeir fjármunir sem Eyþings fær til verkefnisins munu skiptast til helminga á milli svæða atvinnuþróunarfélaganna. Skipað verður eitt fagråd vegna

úthlutunar fjármuna sem þó mun skipta þannig með sér verkum að hluti þess mun taka ákvarðanir um úthlutun fjármuna á starfsvæði AP og hluti um úthlutun fjármuna á starfssvæði AFE.

Stjórnin fellst á það fyrirkomulag sem kynnt var enda verði tryggt að skipting fjármuna verði með þeim hætti og að fyrirkomulag ákvarðana um þátttöku í einstökum verkefnum verði eins og kynnt var. Jafnframt er framkvæmdastjóra falið umboð til nauðsynlegrar samningagerðar vegna málsins, sem lögð verði fyrir stjórn til staðfestingar.

5. Verðkönnun vegna endurskoðunar og ársuppgjörs

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir verðkönnun sem gerð var meðal þeirra þriggja endurskoðunarfyrirtækja sem reka starfsstöðvar á Húsavík, þ.e. Deloitte, Enor og PwC. Verð bárust frá Deloitte og PwC.

Á grundvelli fyrirbyggjandi verðupplýsinga samþykkir stjórnin að samið verði við PwC um endurskoðun fyrir félagið til næstu þriggja ára.

6. Brothættar byggðir – aðkoma félagsins

Framkvæmdastjóri lagði fram og gerði grein fyrir samkomulagsdrögum milli Byggðastofnunar, Norðurþings og félagsins um rekstur byggðaeftlingarverkefnisins *Brothættar byggðir* á Raufarhöfn og væntanlega einnig Kópaskeri út árið 2017. Gert er ráð fyrir að ráðinn verði verkefnisstjóri sem verði starfmaður atvinnuþróunarfélagsins og að Byggðastofnun leggi félaginu til 7,5 mkr. á ári og sveitarfélagið komi þannig að verkefninu að félagið beri ekki af því beinan útlagðan kostnað.

Stjórnin fagnar því að verkefnið verði fest í sessi til næstu þriggja ára og að viðkomandi verkefnisstjóri verði hluti teymis starfsmanna félagsins. Felur hún framkvæmdastjóra umboð til að ljúka samningagerð vegna verkefnisins á þeim forsendum sem kynntar voru.

7. Önnur mál

a) Starfsemi NMÍ á svæðinu

Aðalsteinn Árni vakti máls á lokun skrifstofu NMÍ á Húsavík frá síðustu áramótum. Stjórnin óskar skýringa stjórnenda NMÍ á lokun skrifstofunnar. Leggur stjórnin áherslu á að NMÍ haldi úti þeim tveimur stöðugildum á svæðinu sem grunnur var lagður að með skýrslu svokallaðrar Norðausturnefndar á sínum tíma.

Framkvæmdastjóra falið að koma þessum sjónarmiðum á framfæri við stjórnendur NMÍ ásamt því að ítreka fyrri erindi um samstarf um rekstur stafrænnar smiðju eða FabLab.

b) Efling landbúnaðar í Suður-Þingeyjarsýslu

Kynntar hugmyndir BSSP og minnisblað um samstarf aðila í héraði til eflingar landbúnaðarstarfsemi í héraðinu. Stjórn jákvæð fyrir þátttöku félagsins með aðkomu að rekstraráætlanagerð og fl.

c) Vinnuferð framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir því að hann verði erlendis í vinnuferð á vegum Aurora Observatory frá 29. janúar til 6. febrúar.

d) Uppbygging þekkingarstarfsemi við Mývatn

Yngvi Ragnar sagði frá hugmyndum um að efla ýmis konar þekkingartengda starfsemi við Mývatn með því að koma henni fyrir undir einu þaki og mynda þannig öflugra þekkingarsamfélag í sveitinni.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:15